

REGLUGERÐ

um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar.

I. KAFLI

Frestun og flýting töku ellilífeyris.

1. gr.

Frestun töku ellilífeyris.

Þeim sem öðlast hafa rétt til ellilífeyris samkvæmt 1. mgr. 17 16. gr. laga um almannatryggingar er heimilt að fresta töku hans til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun fjárhæðar lífeyrisins. Heimild þessi er bundin því skilyrði að viðkomandi hafi ekki fengið greiddan ellilífeyri frá almannatryggingum eða skyldubundnum lífeyrissjóðum, sbr. þó 1. mgr. 5. gr.

Hafi töku ellilífeyris verið frestað skal fjárhæð ellilífeyris hækka hlutfallslega til frambúðar, byggt á tryggingafræðilegum forsendum, reiknað frá ellilífeyrisaldri samkvæmt 17 16. gr. laga um almannatryggingar fram til þess tíma er taka lífeyris hefst.

2. gr.

Flýting töku ellilífeyris.

Heimilt er að hefja töku ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar frá 65 ára aldri gegn varanlegri lækkun lífeyrisins.

Hafi töku ellilífeyris verið flýtt skal fjárhæð ellilífeyris lækka hlutfallslega til frambúðar, byggt á tryggingafræðilegum forsendum, reiknað frá þeim tíma er taka lífeyris hefst og til ellilífeyrisaldurs skv. 17 16. gr. laga um almannatryggingar.

Heimild samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði að staðfest sé að greiðslur hefjist hjá öllum skyldubundnum lífeyrissjóðum þar sem umsækjandi hefur áunnið sér réttindi. Þá skal samantlagður áunninn ellilífeyrir frá lífeyrissjóðum, sbr. 9. gr., og almannatryggingum við töku lífeyris, að teknu tilliti til hinnar varanlegu lækkunar samkvæmt 3. gr., vera að lágmarki jafnhár fullum mánaðarlegum ellilífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, þ.e. 1/12 af fjárhæð ellilífeyris skv. 1. mgr. 23. gr. laganna.

Dragi umsækjandi til baka umsókn sína um greiðslur frá skyldubundnum lífeyrissjóðum þar sem hann hefur áunnið sér réttindi teljast skilyrði til flýtingar töku lífeyris samkvæmt ákvæði þessu ekki vera uppfyllt.

3. gr.

Breyting á fjárhæð ellilífeyris vegna frestunar eða flýtingar lífeyristöku.

Eftir að greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa verið reiknaðar út skal hækka fjárhæð ellilífeyrisins samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris hefur verið frestað skv. 1. gr. reglugerðar þessarar. Á sama hátt skal lækka fjárhæð ellilífeyris fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris hefur verið flýtt skv. 2. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

Tryggingafræðilegar forsendur.

Hlutfallshækkun og -lækkun lífeyris vegna frestunar eða flýtingar töku lífeyris sem byggist á tryggingafræðilegum forsendum er birt í töflu í viðauka I við reglugerð þessa. Við mat á tryggingafræðilegum forsendum skal nota nýjustu dánar- og eftirlifendatöflur sem fjármála- og efnahagsráðherra gefur út að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Við mat á örorku- og endurhæfingarlíkum skal nota nýjustu örorku- og endurhæfingartöflur sem fjármála- og efnahagsráðherra gefur út að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Við ákvörðun um hækkun eða lækkun greiðslna vegna frestunar eða flýtingar töku lífeyris skal ávallt stuðst við þá töflu samkvæmt 1. mgr. sem var í gildi á þeim tíma þegar sótt var um frestun eða flýtingu töku lífeyris.

II. KAFLI

Hálfur ellilífeyrir.

5. gr.

Heimild til greiðslu hálfes ellilífeyris.

Heimilt er að hefja töku hálfes ellilífeyris frá 65 ára aldri og fresta töku lífeyris að hálfu að uppfylltum skilyrðum samkvæmt 2. mgr.

Heimild skv. 1. mgr. er bundin því skilyrði að allir skyldubundnir lífeyrissjóðir þar sem umsækjandi hefur áunnið sér réttindi og heimila greiðslur lífeyris að hluta hafi samþykkt sama fyrirkomulag og staðfest að greiðslur hefjist. Þá skal er samantlagður heimildin áunninn bundin ellilífeyrir því frá lífeyrissjóðum, sbr. 9. gr., og almannatryggingum við töku lífeyris, skilyrði að teknu umsækjandi tilliti sé til enn lækkunar á hans vinnumarkaði samkvæmt en 7. þó gr., ekki vera í að meira lágmarki en jafnhár hálfu fullum mánaðarlegum ellilífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, þ.e. 1/12 af fjárhæð ellilífeyris skv. 1. mgr. 23. gr. laganna starfi.

Heimild samkvæmt 1. mgr. verður ekki beitt hafi umsækjandi þegar hafið töku ellilífeyris samkvæmt 17 16. gr. laga um almannatryggingar.

6. gr.

Framkvæmd greiðslna hálfes ellilífeyris.

Þeim sem hafa hafið töku hálfes ellilífeyris samkvæmt 5. gr. er hvenær sem er heimilt að sækja um ellilífeyri samkvæmt 1. mgr. 17 16. gr. laga um almannatryggingar.

7. gr.

Útreikningur hálfes ellilífeyris.

Þegar hálfur ellilífeyrir er greiddur skv. 5. gr. og ellilífeyrisaldri samkvæmt 17 16. gr. laga um almannatryggingar hefur verið náð skal fjárhæð hins frestaða hluta lífeyrisins hækka hlutfallslega til frambúðar í samræmi við I. kafla þessarar reglugerðar. Þegar hálfur ellilífeyrir er greiddur samkvæmt 5. gr. áður en ellilífeyrisaldri samkvæmt 17 16. gr. laga um almannatryggingar er náð skal fjárhæð þess hluta ellilífeyris lækka hlutfallslega til frambúðar í samræmi við I. kafla þessarar reglugerðar, reiknað frá þeim tíma er taka hálfes lífeyris hefst og til ellilífeyrisaldurs samkvæmt 17 16. gr. laga um almannatryggingar. Hinn frestaði hluti ellilífeyrisins skal hækka í samræmi við 1. málslíð.

Hálfur ellilífeyrir samkvæmt skal 5 vera 1.999.164 kr. gr. á ári. Fjárhæð hálfes lífeyris skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. einnig 21. 8 og 22. gr. reglugerðar laga þessarar um almannatryggingar, uns lífeyririnn fellur niður. Lífeyrisþegi skal ekki hafa lækka 3.900.000 kr. almennt frítekjumark auk 2.400.000 kr. sérstaks frítekjumarks vegna annarra atvinnutekna tekna við lífeyrisþega útreikning hálfes ellilífeyris. Gildir það þar til lífeyristaka hefst að fullu.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Heimilisuppbót.

Hafi ellilífeyrisþegi nýtt sér heimild til að fresta eða flýta töku lífeyris að fullu eða hluta gildir það einnig um heimilisuppbót og gilda þá ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

9. gr.

Greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum.

Greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum sem rekja má til lágmarkstryggingaverndar skulu teljast til áunnins ellilífeyris frá lífeyrissjóðum samkvæmt 2. og 5. gr.

10. gr.

Framkvæmd.

Um framkvæmd reglugerðar þessarar fer samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og reglugerð þessari.

Tryggingastofnun annast framkvæmd reglugerðarinnar.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 7. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 23. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2018.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 3. mgr. 5. gr. geta þeir sem hafa hafið töku ellilífeyris við gildistöku reglugerðar þessarar nýtt sér heimild til að taka hálfan lífeyri enda séu skilyrði fyrir töku hálfis lífeyris samkvæmt 5. gr. uppfyllt og umsókn berst fyrir 1. janúar 2020 2021. Ákvörðun um töku hálfis lífeyris samkvæmt þessari grein skal gilda frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að umsókn berst.

Velferðarráðuneytinu, þeir 29. sem desember hafa 2017. þegar

hafið Ásmundur töku Daðason

hálfis félags- lífeyris og eða jafnréttismálaráðherra sóttu um töku hálfis lífeyris fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu fá greitt samkvæmt þeim reglum sem þá voru í gildi.

- Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir. -

VIÐAUKI I

Flýting töku ellilífeyris.

	Fyrir mánuð sem flýtt er á aldri		Samtals fyrir ár
65-	0,48%		5,76%
66-	0,54%		6,48%
Samtals			12,24%

Við flýtingu til 65 ára aldurs verður árleg greiðsla 87,76% af því sem greitt hefði verið frá 67 ára aldri.

Frestun töku ellilífeyris.

	Fyrir mánuð sem flýtt er á aldri		Samtals fyrir ár
67-	0,50%		6,00%
68-	0,55%		6,60%
69-	0,62%		7,44%
70-	0,70%		8,40%
71-	0,80%		9,60%
72-	0,90%		10,80%
73-	1,03%		12,30%
74-	1,15%		13,80%
75-	1,30%		15,60%
76-	1,45%		17,40%
77-	1,65%		19,80%
78-	1,80%		21,60%
79-	2,10%		25,20%
Samtals			174,54%

Við frestun til 80 ára yrði árleg greiðsla 274,54% af því sem greitt hefði verið frá 67 ára aldri.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.